



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Alþingi
v/ Austurvöll
150 REYKJAVÍK

8. október 2015
Tilvísun: 2015090032

Efni: Til umsagnar 7. mál frá efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, frumvarp til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (eignarhald, lýðræði í lífeyrissjóðum).

Fjármálaeftirlitið vísar til tölvubréfs nefndasviðs Alþingis, dags. 24. september sl., þar sem óskað var umsagnar stofnunarinnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 (eignarhald, lýðræði í lífeyrissjóðum). Þess var óskað að umsögn bærist eigi síðar en 8. október 2015.

Fjármálaeftirlitið telur þörf á að koma eftirfarandi á framfæri:

Varðandi 1. gr. frumvarpsins

Bent er á varðandi fyrri málslið hinnar nýju málsgreinar að það getur orkað tvímælis að fullyrða að lífeyrissjóður sé eign sjóðfélaga. Það að eiga lífeyrisréttindi í sjóði er ekki það sama og eiga lífeyrissjóðinn, ekki frekar en að hluthafi í hlutafélagi á félagið. Það er því vandséð hvaða tilgangi það þjónar að setja þennan málslið í lög. Varðandi seinni málsliðinn þá hefur Hæstiréttur skorið úr um það í dómum sínum að lífeyrisréttindi í lífeyrissjóðum njóta verndar 72. gr. stjórnarskrárinnar. Það liggur því fyrir að til að skerða lífeyrisréttindi sem varin eru af 72. gr. stjórnarskrárinnar þarf lagaheimild, breytingin verður að byggja á málefnalegum ástæðum, vera almenn og gæta þarf jafnræðis milli sjóðfélaga. Fjármálaeftirlitið bendir hins vegar á það að um er að ræða réttindi sem sjóðfélagi aflar sér í sameign, en ekki eign í hefðbundnum skilningi. Um er því að ræða réttindi sem geta tekið breytingum á hverjum tíma og hvorki er hægt að framselja né veðsetja. Þrátt fyrir að greinargerðin skýri þetta vel kemur þetta ekki fram í texta lagabreytingatillögunnar og getur því verið villandi.

Varðandi 2. gr. frumvarpsins

Vísað er til athugasemda við 1. gr. frumvarpsins varðandi orðalagið „hlut hans í hreinni eign til greiðslu lífeyris“.

Varðandi 3. gr. frumvarpsins

Fjármálaeftirlitið gerir ekki athugasemd við ákvæðið en bendir á að til bóta væri ef fram kæmi í ákvæðinu að samsetning stjórnar lífeyrissjóðs skuli vera með þeim hætti að stjórnin búi sameiginlega yfir fullnægjandi þekkingu, hæfni og reynslu til að skilja þá starfsemi sem fer fram í viðkomandi lífeyrissjóði, þ.m.t. helstu áhættuþætti. Sambærilegt ákvæði er að finna í 4. mgr. 52. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002. Þá bendir Fjármálaeftirlitið á að samkvæmt 8. mgr. 31. gr. laga nr. 129/1997 setur Fjármálaeftirlitið reglur um framkvæmd hæfismats framkvæmdastjóra og stjórnarmanna lífeyrissjóða og þeim ber á hverjum tíma að uppfylla hæfisskilyrði laganna.

Virðingarfyllt,


Guðrún Finnborðardóttir

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Björk Sigurgísladóttir